

## AUGLÝSING

**um neyðarráðstafanir sem gilda um grikkjasmárafræ og tiltekið fræ og baunir sem eru flutt inn frá Egyptalandi.**

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á grikkjasmárafræjum og tilteknum fræjum og baunum sem eru flutt inn frá Egyptalandi.

2. gr.

Auglýsingu þessari er ætlað að tryggja að örverumenguð matvæli sem talin eru upp í viðauka séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Matvælastofnun ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir svo að allar framleiðslueiningar grikkjasmárafræs, sem fluttar voru inn frá Egyptalandi á tímabilinu 2009–2011 og nefndar eru í tilkynningum hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fóður í tengslum við rakninguna, verði teknar af markaði og þeim eytt. Taka skal sýni úr viðkomandi framleiðslueiningum í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2003/99/EB.

4. gr.

Frjáls dreifing innan Evrópska efnahagssvæðisins á fræi og baunum frá Egyptalandi, sem tilgreind eru í viðaukanum, er bönnuð fram til 31. október 2011.

5. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar auglýsingar.

6. gr.

Um valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 27. gr. b., 28. sbr. 31. gr. a. laga nr. 93/1995, um matvæli með hliðsjón af ákvörðun 2011/402/ESB. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 21. júlí 2011.*

F. h. r.

**Arndís Ármann Steinþórsdóttir.**

---

*Ása Þórhildur Þórðardóttir.*

## VIÐAUKI

**Fræ og baunir sem bannað er að flytja inn frá Egyptalandi fram til 31. október 2011:**

SAT-númer	Lýsing
úr 0704 90 09	Klettsalatsspírur
úr 0706 90 09	Rauðrófuspírur og hreðkuspírur
0708	Belgávextir, með eða án hýðis, nýir eða kældir
0713	Þurrkaðir belgávextir, afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir
úr 0709 90 09	Soja(bauna)spírur
1201	Sojabaunir, einnig muldar
1209 10	Sykurrófufrae
1209 21	Refasmárafrae (alfalfa)
1209 91	Grænmetisfrae
1207 50 00	Mustarðsfrae, til sáningar
1207 9	Annað mustarðsfrae
1207 9	Önnur olúfrae og olúrík aldin, einnig mulin
0910 99 00	Grikkjasmárafrae
úr 1214 90 00	Refasmáraspírur (alfalfa)